



Minnisblað - Útsvar 2024

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er lagt á tekjur einstaklinga – aðrar en fjármagnstekjur- og er innheimt í staðgreiðslu að stærstum hluta. Stofn til álagningar útsvars er hinn sami og tekjuskattstofn ríkisins og er útsvarið innheimt samhliða tekjuskattinum. Útsvar er þannig greitt af launum, lífeyri, bótum almannatrygginga, atvinnuleysisbótum, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga o.fl. Útsvar er hlutfallslegur skattur, sama útsvarsprósenta er lögð á allar tekjur einstaklings óháð því hversu háar tekjur hann hefur. Samkvæmt lögum um tekjustofna má útsvarsprósenta á árinu 2023 vera 14,74% að hámarki en 12,44% að lágmarki.

Hámarksútsvar sveitarfélaga, sem ákveðið er í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem var árið 2022 14,52%, var hækkað árið 2023 um 0,22% samhliða lækkun á tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum.

Gert er ráð fyrir að hækkun hámarksútsvars skv. 2. mgr. renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hlutfall útsvarstekna vegna málefna fatlaðs fólks sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. 2. tölul. c-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga var 0,99% og var hlutfallið því hækkað um 0,22% stig samhliða hækkun hámarksútsvars í 1,21%.

Útsvarsprósenta árið 2023 er því 14,74%.

Áætlun útsvars 2023

Launavísitalan er áætluð 8,9% fyrir árið 2023 en 5,8% fyrir árið 2024. Áætlun 2023 á staðgreiðslu útsvars gerir ráð fyrir 2,7 milljörðum í útsvarstekjur en þær forsendur miða við 4,7% hækkun á staðgreiðsluskuldum tekjum frá fyrra ári og 14,52% í útsvarsprósentu. Ef hækkun staðgreiðsluskuldra tekna á árinu 2023 nær að verða 8,9% þá ætti staðgreitt útsvar að vera herra en áætlun sem nemur 115 m.kr. í lok árs. Hækkun á útsvarsprósentu rennur hins vegar til jöfnunarsjóðs og hefur því ekki áhrif á áætlun 2023. Útsvarstekjur fyrstu 8 mánuði ársins ber þó ekki með sér miklar auknar tekjur umfram áætlun þar sem þær eru aðeins 14 m.kr. yfir áætlun.

Tafla 1. - útsvarstekjur 2023 per mánuð samanborið við áætlun 2023 og rauntölur 2022

	R 2023	Á 2023	[R23-Á23]	Br. 22/23 %	R 2022	[R23-R22]
Janúar	206.322.721	202.000.000	4.322.721	5%	196.711.921	9.610.800
Febrúar	220.901.881	238.000.000	-17.098.119	6%	209.315.994	11.585.887
Mars	214.496.238	216.500.000	-2.003.762	7%	199.627.014	14.869.224
Apríl	204.163.258	201.000.000	3.163.258	24%	164.422.295	39.740.963
Mái	339.479.778	362.840.000	-23.360.222	8%	314.059.515	25.420.263
Júní	233.927.863	223.280.000	10.647.863	7%	218.972.177	14.955.686
Júlí	210.888.866	206.550.000	4.338.866	8%	195.770.221	15.118.645
Ágúst	271.186.901	237.600.000	33.586.901	19%	227.299.896	43.887.005
Sept				-100%	239.373.391	-239.373.391
Okt				-100%	219.645.044	-219.645.044
Nóv				-100%	215.524.474	-215.524.474
Des				-100%	222.241.640	-222.241.640
	1.901.367.506	1.887.770.000	13.597.506		2.622.963.582	-721.596.076

Áætlun útsvars 2024

Staðgreiðsluáætlun 2024 frá Sambandi Íslenskra sveitarfélga er væntanleg um miðjan október næstkomandi. Miðað við óbreyttar forsendur frá 2023 og hækkun útsvarsstofns 2024 í samræmi við spá um launavísitölu 5,8% fyrir næsta ár, þá eru væntingar um að staðgreiðsluskyldar tekjur hækki um 166 m.kr. á næsta ári og verði um 2.866 milljónir króna. Um er að ræða frumdrög að áætlun.

Ár	Útsvars- hlutfall	Útsvarsstofn	breyting % frá ár-1	Álagt útsvar skv. álagningar- skrá	Hluti Jöfn.sj. v. reksturs grunnskóla 0,77%	Hluti Jöfn.sj. v. málefna fatlaðra 0,99% + 0,22% (frá 2023)	Verðbætur, kostnaður, frádráttur	Áætlun/skilun staðgreiðsla ríkissjóður
2024á	14,74%	23.241.435.017	5,80%	3.425.787.522	-178.959.050	-281.221.364	-100.000.000	2.865.607.108
2023á	14,74%	21.967.329.884	4,70%	3.237.984.425	-169.148.440	-265.804.692	-100.000.000	2.703.031.293
2022	14,52%	20.981.212.879	7,80%	3.046.472.110	-161.555.339	-207.714.008	-85.987.654	2.591.215.109
2021	14,52%	19.410.137.190	6,25%	2.818.351.920	-149.458.056	-192.160.358	-113.466.515	2.363.266.990
2020	14,52%	18.269.034.904	2,04%	2.652.663.868	-140.671.569	-180.863.446	-92.419.731	2.238.709.123

Eins og sjá má í áætlun um útsvar þá skilar hækkun á útsvarshlutfalli sér beint til framlaga til jöfnunarsjóðs, sem greitt er til þeirra áður en útsvarið er greitt til sveitarfélagsins. Hef ég nú aðgreint í töflunni það hlutfall sem greitt er til jöfnunarsjóðs vegna rekstur grunnskóla og nemur 0,77% og hins vegar vegna málefna fatlaðra sem var fyrir árið 2022 og fyrr 0,99% en fyrir árið 2023 og síðar er það 1,21%

Eins má þess geta að niðurstöður endurskoðunar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélag er væntanlegt. Samkvæmt því leggur starfshópurinn m.a. til að nýti sveitarfélag ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útsvarstekjum, þ.e. mismuni á útsvari miðað við hámarksálagningu og útsvari miðað við álagningarhlutfall sveitarfélags.

Útsvarshlutfall 2024

Lagt er til að útsvarshlutfall fyrir 2024 haldist óbreytt frá fyrra ári í 14,74%